

AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbærar
á tillögum að breyttu deiliskipulagi.**

Naustavör 5, 5a, 28 til 34 (áður 44-50) og 9. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbærar þann 28. júlí 2016 breytt deiliskipulag fyrir Naustavör 5, 5a, 28 til 34 (áður 44-50) og 9, sbr. neðangreint:

Naustavör 5. Í breytingunni felst að byggingarreitur fjölbýlishúss að Naustavör 5 er felldur út. Naustavör 1 og 3 verður eftir breytinguna Naustavör 1, 3 og 5. Í stað fyrirhugaðs fjölbýlishúss er gert ráð fyrir opnu svæði og legu göngu- og hjólastiga. Þeim íbúðum sem gert hafði verið ráð fyrir í Naustavör 5 verður komið fyrir í Naustavör 9 og 28 til 34. Gert hafði verið ráð fyrir 4.200 fermetra heildarflatarmáli fyrir Naustavör 1, 3 og 5 og þar af um 900 m² fyrir Naustavör 5. Það byggingarmagn kemur til með að rísa sem viðbót við byggingarmagn að Naustavör 11, 13, 52 til 58, 60 til 66 og 68 til 74.

Naustavör 5a. Stofnuð er ný lóð fyrir smásennistöð austanvert við Naustavör 7. Lóðin verður 4 x 4 metrar.

Naustavör 7. Í breytingunni felst að lóð er stækkuð til suðurs um 3 metra.

Naustavör 9. Í breytingunni felst að íbúðum er fjöldað úr 12 í 18. Heildarbyggingarmagn eykst um 348 m². Aðkoma að bílkjallara breytist. Bilastæðum fjölgar og verða 34 stæði á lóð þar af 9 í kjallara og 25 fyrir Naustavör 9 á lóðinni.

Naustavör 28-34. Í breytingunni felst að íbúðum er fjöldað úr 42 í 44. Heildarbyggingarmagn eykst um 295 m². Hámarkshæð húss hækkar um 0,45 metra og hluti byggingarreitar sem skilgreindur er 3 hæðir og kjallari verður 4 hædir og kjallari. Aðkoma og fjöldi bilastæða breytist og verða 45 stæði á lóð og 43 stæði í kjallara.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Faldarhvarf 8, 10 og 12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbærar þann 25. ágúst 2016 breytt deiliskipulag fyrir Faldarhvarf 8, 10 og 12. Í breytingunni felst að byggðir verða sól-skálar við suðurhlíð húsanna, hvor um sig 16 m² að stærð. Byggingarreitur hvers skála er 3,5 x 4,6 metrar og hámarkshæð þeirra verður 3,2 metrar. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Austurkór 151. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbærar þann 25. ágúst 2016 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 151. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á einni hæð og kjallara komi einbýlishús á einni hæð. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álmakór 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbærar þann 25. ágúst 2016 breytt deiliskipulag fyrir Álmakór 4. Í breytingunni felst hækjun á þaki meðfram götuhlíð bannig að þak hússins verður í 3,8 m hæð miðað við aðkomuhæð í stað 3,6 m hæð og hæðakóti efri hæðar hússins hækkar úr kóta 110,9 í 111,10 m h.y.s. Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra

Nr. 759

30. ágúst 2016

laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 30. ágúst 2016.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2016